

Ársskýrsla

Skýrsla formanns Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2025



Segja má að þetta ár hjá okkur hafi verið ár sjálfbóðaliðans og uppbyggingar en það tókst að koma í gang hjá okkur vökvunarkerfi fyrir flatirnar hjá okkur en sú vinna var mest á herðum vallarnefndar og nokkurra aðila sem komu og hjálpuðu til við þetta stóra verkefni. Varlega áætlað má gera ráð fyrir því að 400 til 500 vinnustundir hafi farið í þetta verkefni en þetta er örugglega með stærra ef ekki stærsta verkefni sem klúbburinn hefur lagt í. Þessum aðilum verður seint fullþakkað fyrir þetta framtak.

Næsta sumar mætti skoða það að koma upp vökvunarkerfi fyrir upphafsteigana. Það verk væri ekki jafn stórt og umfangsmikið eins og hitt var.

Annað sem gleðilegt er að segja frá líka er að við vorum með Íslandsmót golfklúbba, 5. deild karla hjá okkur í ágúst á Dalbúa og sigruðu okkar menn mótið með glæsibrag og færðust við það upp í 4. deild.

Við vorum að gera svona í fyrsta skiptið og tókst það með miklum ágætum. Júlíus Símon Pálsson okkar leiddi þessa vinnu fyrir klúbbinn og var liðsstjóri okkar og setti saman liðið. Einnig fékk hann til sín nokkra féлага okkar úr klúbbum til þess að vinna hin og þessi verkefni sem þurfið að sinna.

Við réðum inn dómara sem heitir Eggert Ólafsson og passaði hann og Eiríkur Þorláksson félagi upp á það að allt færi rétt fram. Við getum verið stolt af okkar mönnum en það var gaman og ævispennandi að fylgjast með þeim þessa þrjá

keppnisdaga á golf gamebook appinu eða á staðnum, en við fengum yfir okkur mikið þrumuveður fyrsta daginn. Það hvatti okkar menn greinilega enn frekar.

Þessi framkvæmd var sérlega glæsileg í alla staði og buðum við okkur fram til þess að sjá um 4. deildina á næsta ári og var það samþykkt af mótanefnd golfsambandsins.

Eins og árin áður þá vorum við aðeins með fyrirfram rástímaskráningar en aðilar utan GSÍ skráðu sig í skála við komuna en með því að senda inn beiðni fyrirfram vegna skráningar á völlinn. Það sama átti við fyrir aðila innan Grafiu, RSÍ, VM og aðila sem hafa keyptu af okkur kort fyrir sumarhús á svæðinu.

Í sumar auglýstum við nokkuð eins og áður með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna Dalbúa vel.

Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð þrátt fyrir að aðrir hafi hætt af ýmsum ástæðum en við vorum 206 í lok sumars en við vorum í kringum 160 talsins í upphafi sumars. Við þurfum að halda áfram að fá inn nýja og yngri féлага en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

Þann 11. maí vorum við með vinnudag hjá klúbbnum en þetta skiptið mættum við á sunnudegi þar sem verðurspá var ekki góð fyrir laugardaginn 10. maí. Mæting var að venju góð þar sem félagsmenn tóku til hendinni. Eins og áður þá stýrði vallarnefnd hvað var gert. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, skálinn yfirfarinn o.s. frv. Næstu daga á eftir var svo unnið við frágang flata og teiga fyrir opnun vallarins. Við opnuðum völlinn svo fyrir félagsmenn 16. maí og voru félagar beðnir um það að fara varlega með völlinn þar sem hann var þá frekar blautur og viðkvæmur.

Heilt yfir þá má segja það að völlurinn hafi verið í góðu standi hjá okkur í sumar og var okkur hrósað mikið fyrir ástand vallarins. Júlíus Símon Pálsson sinnti slættinum fyrir okkur bróðurpartinn af sumrinu en „Gummi lilti“ kom inn í lok sumars og kláraði sláttinn á vellinum þetta sumarið. Fulltrúar vallarnefndar og nokkrir aðrir sinntu líka einu og öðru vegna umhirðunnar.

Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið fyrir utan vökvunarkerfið var að við tókum í notkun einn stóran slátturróbót, CEOCERA 546 EPOS, þannig að við vorum með einn stóran róbót ásamt tveimur minni sem komu í vinnu hjá okkur fyrra sumarið. Við keyptum nýjan golfbíl sem hefur verið í notkun og útleigu hjá okkur í sumar. Einnig fjárfestum við í tjaldi sem nýttist okkur einstaklega vel í stærri mótum og í Íslandsmótinu.

Þegar litið er yfir vélakost Dalbúa þá er hann í þokkalegu standi en við seldum frá okkur eitthvað af gömlum búnaði sem hætt var að nota.

Vallarnefnd leggur til að halda róbotavæðingunni áfram og reiknum við með því að bæta við hjá okkur einum stærri og tveimur millistærðar róbotum á næsta ári. Þá ættum við að vera komin mjög langt með að klára hjá okkur róbotavæðinguna á vellinum. Við erum með tilboð í það frá söluaðila sem við höfum verið að skipta við vegna róbotavæðingarinnar. Þar er verið að spá í sambærilegan róbot og þann stærri sem við erum með og tvo minni sem er mitt á milli þess stóra og minni róbotanna.

Við munum þurfa að ráða inn slátturfólk og eða umsjónarmenn fyrir völinn fyrir sumarið og reiknum við með því að þeir aðilar verði á forræði stjórnar og vallarnefndar. Róbotavæðingin er að einfalda margt vegna umhirðu á vellinum.

Rétt þykir að taka upp gæðakerfi fyrir umhirðu vallar og verklag. Það sama væri gott að gera fyrir starfsfólk skála og aðra sem vinna fyrir klúbbinn okkar. Þau verkfæri munu aðstoða nýtt fólk við það að komast inn í þau verk sem þarf að sinna.

Til þess að auðvelda utanumhald vegna starfsmannafélaga tókum við Golfmore appið í notkun en þá fækkar pappírsskráningum. Nokkur starfsmannafélög bættust við hjá okkur í sumar.

Victor Viktorsson golfkennari mætti nokkrum sinnum til okkar í sumar þar sem gestir og gangandi gátu fengið tilsögn í golfi án endurgjalds. Ágætis þátttaka og ánægja var með þetta framtak.

Sett var á fót framtíðarnefnd fyrir Golfklúbbinn Dalbúa og munum við kynna hér á eftir helstu punktana sem þar komu fram. Rætt var þar um að setja í forgang að klára vökvunarkerfið, halda áfram með róbotavæðinguna, laga hjá okkur bönkerana til framtíðar og bæta hjá okkur salernisaðstöðuna við skálann. Við ræðum aðeins um framtíðarnefndina hér á eftir.

Frábæra Sigga Dóra Matthíasdóttir og systur og sjálfboðaliðar stóðu vaktina í skálanum hjá okkur þetta sumarið og sinntu starfinu með miklum ágætum. Keyptur var nýr frystiskápur og ný eldunartæki sem gerðu það að verkum að hægt var að bjóða upp á meira úrval af matarveitingum í skálanum. Sigga Dóra tók brosandir á móti kylfingum eftir golfhring og bauð upp á veitingar af ýmsu tagi og kallaði fram bros á öllum. Við þökkum öllum kærlega fyrir þeirra góða framlag.

Við teljum að við þurfum að finna leiðir til þess að lengja opnunartíma skálans yfir sumarið en fulltrúar stjórnar hafa rætt við fólk sem hefur spilað hjá okkur þegar skálinn er ekki opinn. Þeir aðilar gerðu þá upp en hefðu annars ekki gert það.

Ný húsgögn voru keypt til viðbótar á pallinn í byrjun sumars. Það var gott og þarft framtak. Við keyptum líka borð til þess að vera með inni í nýja tjaldinu.

Vegna anna við eitt og annað í sumar hefur verið unnið lítið í því að kanna með nýjan golfskála fyrir okkur en tjaldið sem var keypt í sumar framlengdi aðstöðuna okkar eitthvað þannig að við gátum verið sáttari með aðstöðuna okkar. Ég er á því að við þurfum að huga að varanlegri stækkun á aðstöðunni okkar en við erum með heimild fyrir því að kalla eftir tilboðum í skálann. Þá myndum við bjóða núverand klúbbhús til sölu en þurfum þá að vera búin að finna lausn í staðinn. Við þurfum að bæta hjá okkur aðstöðuna.

Golfmót sumarsins voru átta þetta sumarið og heppnuðust þau öll mjög vel og var góð þátttaka í þeim öllum. Í nokkrum af mótunum þurfti að ræsa tvöfalt upp á nokkrum teigum. Í öllum mótum var rafræn skráning á skori sem mæltist mjög vel fyrir. Það fyrirkomulag auðveldar mjög uppgjör á mótunum. Space hágreiðslustofa tók að sér kvennamótið okkar og var það mjög fjölmennt og með glæsilegum vinningum.

Við vorum svo með hjóna og paramót sem er nýbreytt hjá okkur og þar vorum við með veglega vinninga og buðum svo upp á glæsilegan brunch sem ein hjónin í klúbbnum tóku að sér með glæsibrag fyrir þá sem tóku þátt í mótinu og þótti það takast einstaklega vel. Svona gerum við örugglega aftur.

Dalbúbikarnum var í gangi hjá okkur í sumar en núna var hann settur upp sem riðlakeppni. Liðið Laugdælir stóðu þar uppi sem sigurvegarar í úrslitaleik sem fór fram sama dag og lokamótið okkar var haldið.

Lokamót Dalbúa var sett upp sem bændaglíma í grímufötum og enduðum við mótið og starfsárið með grillveisu þar sem maður var manns gaman. Í skýrslu mótanefndar eru nánari upplýsingar um mót sumarsins.

Við lokuðum vellinum hjá okkur sunnudaginn 21. september en þá var haustið farið að minna vel á sig. Gengið var vel frá tjaldinu okkar og gengið var frá sumarhúsgögnum. Gerð var allsherjar tiltekt í tækjaskemmunni hjá okkur og fylltar nokkrar kerrur af dóti sem við losuðum okkur við til förgunar. Eins var tekið til í skálanum og hann þrífinn og losað þaðan út dót sem mátti fara.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburðina hjá okkur og voru þær allar sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir skildar fyrir það.

Í október vorum við með skoðanakönnun meðal félaga eins og 2023 og munum við fara yfir niðurstöðurnar hér á eftir. Þar er marg gott og gagnlegt að finna.

Við sömdum fyrir síðasta starfsár við Endurskoðun VSK ehf um það að færa bókhaldið fyrir GD. Það einfaldar nokkuð starf gjaldkera.

Í lok september buðum við aðilum sem lögðu mest á sig hjá okkur í sumar og þeim sem störfuðu hjá okkur í klúbbhúsinu og á vellinum á mat í Efstadal. Þar áttum við góða kvöldstund saman þar sem við gátum þakkað þessu aðilum fyrir þeirra starf á þessu stóra ári hjá okkur.

Stjórn Dalbúa og helstu nefndir 2025:

Stjórn:

Gísli B. Ívarsson, formaður

Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir, varaformaður

Ásbjörn Sveinbjörnsson, gjaldkeri

Anna Helgadóttir, ritari

Júlíus Símon Pálsson, meðstjórnandi

Bryndís Scheving, varamaður

Helgi Einarsson, varamaður

Mótanefnd:

Guðbjörg Ingólfssdóttir, formaður

Anna Helgadóttir

Klara Lís Hervaldsdóttir

Helgi Einarsson

Júlíus Pálsson

Magnús Gautur Gíslason

Steinunn Randversdóttir

Vallarnefnd:

Haraldur Ólafsson, formaður

Eyjólfur Óli Jónsson

Logi Knútsson

Snæbjörn Stefánsson

Guðni K. Elíasson

Forgjafanefnd:

Ásbjörn Sveinbjörnsson

Guðmundur Hauksson

Húsnefnd:

Gísli B. Ívarsson

Bryndís Scheving

Eyjólfur Óli Jónsson

Þorkell Svarfdal Hilmarsson

Hrönn Jónsdóttir

Guðni Gunnarsson

Aganefnd:

Ásbjörn Sveinbjörnsson

Guðmundur Hauksson

Framtíðarnefnd:

Ásbjörn Sveinbjörnsson formaður

Haraldur Ólafsson

Guðmundur Hauksson

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir

Þórður Heiðar Jónsson

Gísli B. Ívarsson

Umsjón með vefsíðu:

Gísli B. Ívarsson

Hér á eftir verður gerð grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári en í stuttu máli þá má segja að reksturinn hafi verið í mjög góðu jafnvægi líkt og síðustu ár.

Að lokum þá vil ég þakka stjórn og nefndarmönnum fyrir gott samstarf á þessu starfsári. Einnig vil ég þakka öllum félögum í Dalbúa fyrir góð og skemmtileg samskipti og hvet ég ykkur áfram til þess að vera í sambandi ef eitthvað er. Andinn, samstarfið og vinskapurinn hér hjá okkur á Dalbúa er einstakur.

Ég vil einnig þakka vallarnefnd, Júlla Páls og Gumma litla fyrir það að halda vellinum eins vel og hægt var en það getur verið krefjandi og stundum hafa dagarnir verið langir hjá þeim. Eins þá vil ég þakka Siggú Dóru og systur fyrir þeirra framlag í skálanum í sumar en nokkrar helgar voru mjög stórar og krefjandi að vera alltaf til staðar. Alltaf tóku þær á móti öllum með bros á vör og hlýlegu viðmóti.

Samstarfs- og styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félagi Vélstjóra og málmtæknimanna færum við bestu þakkir fyrir stuðning þeirra. Hann er ómetanlegur nú sem fyrr. Einnig vil ég þakka Laugarvatni Fontana, Danco, Heimilistækjum, Ölgerðinni, Space hárgreiðslustofu og Föndru fjölskyldunni fyrir þeirra framlag og öllum þeim öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

Gísli B. Ívarsson, formaður Golfklúbbsins Dalbúa

Rekstur	Mögulegar aðgerðir	Völlurinn	Mögulegar aðgerðir	Búnaður	Mögulegar aðgerðir	Aðstaða	Mögulegar aðgerðir
Rekstrar fyrirkomulag	Rekstrar- handbók	Fjölgun teiga	Fá golfvallahönnuð til að útfæra. Kostnaðargreina	Róbótar	Kaupa nýja róbóta	Stærri skáli	
Gæðakerfi	Skrifa kerfi	Fjölgun brauta	Fá golfvallahönnuð til að útfæra. Kostnaðargreina	Golfbílar	Kaupa nýjan golfbíl	Aðstaða í skemmu	Taka til og kaupa verkfæri sem vantar
Vallarmat	Ræða við GSI um möguleika.	Laga 1. braut	Kostnaðar greina			Aðstaða fyrir golfsett	Gámur ?
		Slétta brautir	Verkefni fyrir vinnudag eða starfsmenn			Salerni	Byggja við skála- Kaupa salernisgám
		Bönker aftan við 5.flöt					
		Æfingasvæði	Hanna og kostnaðargreina				
		Bæta við tjörn					
		Bönker framan við 8.flöt					
		Vökvun á teiga	Kostnaðar- greining.				
		Endurvinnna bönkera	Meta umfang og kostnað				

2025

Vallarnefnd Dalbúa



Haraldur Ólafsson
Snæbjörn Stefánsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Logi Knútsson
Guðni K Elíasson

10/15/2025

Efnisyfirlit

Völlurinn	2
Sláttur	2
Til framtíðar	5
Vélakostur	5
Lokaorð	6

Völlurinn

Völlurinn kom í heild sinni vel undan vetri. Engar frost skemmdir voru eftir veturinn. Veðurfar var afar hagstætt fyrir grasvöxt og má segja að hiti og hæfileg væta hafi um sumarið hafi gert það að verkum að gróður á vellinum var í afar góðu standi þetta sumarið.

Veðurfarið sumarið 2025 var heilt yfir gott og hitastig var talsvert yfir meðaltali í maí, júlí og ágúst en í meðallagi í júní. Úrkoma hæfileg þannig að sjaldan var þörf á vökvun flata. Almenn spretta var yfir meðallagi.

11. maí skipulagði vallarnefndin vinnudag. Góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, skáli yfirfarinn o.s.frv. Næstu daga á eftir var unnið við frágang flata og teiga fyrir opnun vallarins. Völlurinn var síðan opnaður fyrir félagsmenn 16.maí en völlurinn var þá mjög blautur og félagsmenn hvattir til að taka tillit til þess. Frágangi flata með fyrstu sáningu, völtun og sandburði lauk 26.maí.

Heilt yfir má segja að völlurinn hafi verið í mjög góðu standi þetta sumarið og er rétta að geta umfangsmikils vinnuframlags sjálfboðaliða sem önnuðust að mestu leiti slátt í kringum tré vallarins o.fl. sem gerir völlinn okkar fallegan ásýndar.

Sláttur

2025 var útfærsla sláttar með svipuðum hætti að mestu leiti og árin á undan en sú útfærsla var þróuð með tilliti til ábendinga frá notendum vallarins. Júlíus Pálsson annaðist umhirðu vallarins þar til hann hætti skyndilega störfum um miðjan ágúst. Guðmundur (Gummi litli) annaðist slátt á vellinum frá miðjum ágúst.

Flatarmál þess svæðis sem er að jafnaði slegið var mælt lauslega. Mælingin var framkvæmd eftir loftmynd, en samkvæmt mælingunni er slegið svæði sumarið 2025 nálægt 12,8 ha.

Á árinu voru róbótar að slá samtals 44.151 m². Uppgefin hámarks afkastageta þeirra róbóta sem Dalbúi hefur yfir að ráð er um 70.000 m², nýtingin er því 63%. Afkastagetan fer að einhverju leiti eftir aðstæðum á hverjum stað og því ekki óeðlilegt að ekki náist 100% nýting uppgefinnar afkastagetu. Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila róbótanna er raunhæf nýting miðað við uppgefið hámark um 70-80 % . Það má því gera ráð fyrir að afkastageta núverandi róbótar hafi ekki verið fullnýtt sl. Sumar miðað við þær forsendur.


Brautir	46.600	m ²
Kargi	67.990	m ²
Teigar	1.225	m ²
Flatir	3.850	m ²
Æfingasvæði	8.160	m ²
	127.825	m²

Reynslan af notkun róbóta sl. 2 sumur við slátt er ótvírætt afar góð.




Sjálfbærliðar við störf á vellinum.

Vinnustundir við slátt (klst)



Sláttusvæði róbóta 2025 (m2)



Til framtíðar

Á vormánuðum veitti vallarnefndin stjórn Dalbúa ráðgjöf varðandi úrbótaverkefna sem mætti vinna að á vellinum í náinni framtíð. Farið var yfir verkefnalista frá fyrra ári og hann uppfærður. Stjórn Dalbúa samþykkti að vinna samkvæmt tillögu vallarnefndar. Umfangsmestu úrbótaverkefnin sem unnin voru á árinu voru nýtt sjálfvirk vökvunarkerfi fyrir allar flatir. Verkefnið var afar umfangsmikið. Vallarnefnd annaðist allan undirbúning og stýrði verkinu. Öflugur hópur sjálfboðaliða sá um alla vinnu við verkið utan verktaka sem skáru þökur og grófu skurði. Gróflega áætlað vinnuframlag sjálfboðaliða í verkefninu er 400-500 klst. Einnig má nefna 2.áfanga í innleiðingu róbóta fyrir slátt en einn nýr CEORA 546 EPOS var keyptur og settur í rekstur.

Nýr vallarstjóri var ráðinn til starfa á vormánuðum. Vallarstjórinn hafði litla sem enga reynslu af verkefnum sem tengjast umhirðu golfvalla og má segja að hann hafi verið í ákveðinni brekku með verkefnið allar götur það til hann ákvað að hætta störfum um miðjan ágúst. Draga má þann lærdóm að ef til stendur að ráða til starfa einstakling sem vallarstjóra sem enga reynslu hefur af umhirðu golfvalla þarf að undirbúa það mun betur en gert var í þessu tilfelli.

Vallarnefnd telur rétt að Dalbúi horfi til þess sem fyrst að halda utan um tölfærði í tengslum við nýtingu vallarins. Gögn af því tagi eru nauðsynleg þegar litið er til skipulagningar á uppbyggingu vallarins til framtíðar.

Vélakostur

Keyptir voru 1 nýir róbót (CEORA 546 EPOS) en hann reyndist afar vel. Nokkuð af gömlum búnaði sem ekki er þörf fyrir lengur var seldur á árinu, má þar nefna brautar- og flatarvélar, sáningavél og sand dreifara.

Heilt yfir er vélarkostur GD í þokkalegu standi. Segja má að forsenda þess að sláttur og önnur umhirða vallarins sé í góðu standi er að til staðar sé nauðsynlegur, áreiðanlegur vélarkostur. Árið 2025 var nokkuð hagstætt hvað varðar viðhald véla.

Heilt yfir má segja að Dalbúi sé þokkalega staddur hvað varðar vélar fyrir næsta ár.

Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að huga að endurnýjun vélarkosts tímanlega til að tryggja góðan og öruggan rekstur vallarins.



Lokaorð

Að lokum má segja að sumarið 2025 hjá Dalbúa hafi gengið vel þegar litið er til þeirra verkefna sem ráðist var í þó að ýmsar brekkur hafi þurft að klífa. Margir gestir vallarins höfðu á orði að völlurinn væri skemmtilegur og gaman að heimsækja Dalbúa.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugaverðar hugmyndir að úrbótum á vellinum verið til umræðu undanfarin ár. Vallarnefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi.

Einnig að vélakostur vallarins bjóði upp á að hægt sé að viðhalda góðu ástandi en í því sambandi leggur Vallarnefnd áherslu á að innleiðing róbóta verði klárð sem fyrst.

f.h. vallarnefndar

Haraldur Ólafsson
Formaður vallarnefndar

GOLFKLÚBBURINN DALBÚI

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR 2025



Í mótanefnd 2025 voru Guðbjörg Ingólfsdóttir sem formaður, Anna Svandís Helgadóttir, Klara Lís Hervaldsdóttir, Steinunn Randversdóttir, Júlíus Pálsson, Magnús Gautur Gíslason og Helgi Einarsson.

Sumarið 2025 voru haldin 8 mót á Dalbúa auk bikarkeppni sem var spiluð í sumar. Þess utan hélt Dalbúi og tók þátt í Íslandsmóti 5.deildarinnar. Þau verða talin upp hér fyrir neðan með helstu niðurstöðum. Sjá má nánari upplýsingar inn á Facebooksíðu klúbbsins og eins inn á golfbox.is. Í fyrsta sinn í nokkur ár, var engum dagsetningum breytt eða mót færð til vegna veðurs.

Fyrsta mót sumarsins var Kristalsmót Dalbúa sem var haldið þann 14.júní

36 leikmenn voru skráðir til leiks og við vorum afar heppin með veður.

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1771417580136643/>

Mótið var haldið í samstarfi við Ölgerðina eins og áður sem er einn af samstarfsaðilum okkar. Keppt var í punktkeppni karla og kvenna þar sem hámarksförgjöf var 28 fyrir karla og 34 fyrir konur.

Veglegir vinningar voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki í boði Ölgerðarinnar, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla og kvenna á 3. braut og fyrir að vera næst holi í upphafshöggi á 5/14 og 8/17 holum.

Einnig var dregið úr skorkortum þeirra sem höfðu ekki unnið til verðlauna.

Úrslit konur:

- 1.sæti – Guðrún Anna Kjartansdóttir með 36 punkta
- 2.sæti – Anna Svandís Helgadóttir, 31 punktar
- 3.sæti – Berglind Ósk Geirsdóttir með 30 punkta

(Björk Leifsdóttir var einnig með 30 punkta en Berglind með betri seinni 9)

Úrslit karlar:

- 1.sæti – Þorkell Davíð Sigurðsson með 36 punkta
- 2.sæti – Ámi Benónýsson – 35 punktar betri seinni 9.
- 3.sæti – Björn Bergmann Björnsson með 35 punkta.

(Garðar Ólafsson var einnig með 35 punkta en verri seinni 9)

Lengsta teighögg kvenna á 3. braut : Berglind Ósk Geirsdóttir 196 mtr.

Lengsta teighögg karla á 3.braut : Kristófer Ronan 263 mtr.

Næst holi á 5.braut : Þorkell Davíð Sigurðsson 4,6 mtr

Næst holi á 8. braut: Guðný Anna 5,63 mtr.



Jónsmessumótið var 27.júní kl:20 og voru spilaðar 9 holur með Greensome fyrirkomulagi.
26 pör/lið tóku þátt ! sem er tæplega tvöfalt fleiri lið en í fyrra.

Jónsmessumót golfklúbbsins Dalbúa og fór fram föstudaginn 27. júní kl. 20:00.
Á þessu móti þurftum við regnjakka og regnhlífir allt kvöldið, líkt og fyrir ári síðan,
en frábært kvöld engu að síður. Leikið var eftir Greensome fyrirkomulagi.
Þátttakendum var boðið upp á hamborgara með öllu eftir mótið.

Úrslit urðu þessi :

1. sæti á 16.2 punktum = Jón Axel & Bryndís
2. sæti á 16 punktum = Þorvaldur & Guðbjörg Rós
- 3.sæti á 15.2 punktum = Þórður & Guðbjörg I

Næst holu á 5.braut = Ólafur R Ingvarsson 2,22 mtr
Næst holu á 5. braut = Jón Axel & Bryndís

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1779769452634789/>



Meistaramót Dalbúa dagana 4.-5. júlí

Meistaramót Dalbúa fór fram í mjög góðu veðri. Leikinn var 2 x 18 höggleikur með og án forgjafar og einnig var aukaflokkur þar sem leikinn var 2 x 9 holu leikur. 31 keppandi var skráður til leiks.

Sjá úrslit og fleiri myndir hér :

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1785129675432100/>



Kvennamót Space hárstofu var haldið laugardaginn 19.júlí.

52 konur voru skráðar til keppni og færri komust að en vildu !

Leiknar voru 9 holur.

Það rigndi á keppendur á fyrstu 2 holunum, en skyndilega birti til og var komið sannkallað Spánarveður skömmu síðar.

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1794863361125398/>

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1794585827819818/>

Úrslit voru þessi :

1.sæti = Anna Svandís Helgadóttir á 19 punktum (betri síðustu 6)

2.sæti = Bjarney Sonja Ólafsdóttir á 19 punktum

3.sæti = Þórdís Björk Davíðsdóttir á 18 punktum



**Mótgjald
6.500 kr.**

Kvennamót Space hárstofu

Golfvelli Dalbúa 19. júlí kl. 11:00

Spilaðar verða 9 holur með forgjöf
hámarksforgjöf 36 og ræst út á öllum teigum.
Hvetjum konur á öllum getustigum til að skrá sig
á þetta skemmtilega mót á fallega vellinum okkar.

Skráning og nánari upplýsingar á golf.is og í golfskála Dalbúa

Hjóna & Paramót Dalbúa var haldið í fyrsta sinn þann 26.júlí

Þetta var stórskemmtilegt mót og við vorum heppin með veður.

52 keppendur (26 pör) voru skráð til leiks og eftir mótið sáu Helgi Einarsson og Heiðrún Hauksdóttir um stórglæsilegt brunch-hlaðborð sem var innifalið í mótsgjaldinu. Virkilega vel gert.

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1849664898978577/>

Þökkum veittan stuðning frá veitingastöðunum Fjallkonan , Tres Locos , SushiSocial , TapasBarinn , sæta svínið og Apotek kitchen bar og Losti.

Leikar fóru svona :

Næst holu á 5/14.braut = Yuri

Næst holu á 8/17.braut = Sandra Björk

Lengsta drive kvenna á 3/12.braut = Rós Guðmunds

Lengsta drive karla á 3/12.braut = þessar upplýsingar vantar mig.

Veitt voru verðlaun fyrir 7 efstu pörin.

7. sæti á 36,9 punktum = Jensdóttir/Markússon

6.sæti á 37,8 p = Mithcinson/Sigmundsdóttir

5.sæti á 38,2 p = Zinoviev/Guðjónsdóttir

4.sæti á 40,3 p = Flæðisker 2

3.sæti á 40,5 p = Waage/Halldórsdóttir

2.sæti á 41,8 p = Blöndal/Ólafsdóttir

1.sæti á 41,9 p = Bönkerinn



19.ágúst var komið að árlega Fontana mótinu okkar.

47 keppendur voru skráðir.

Mótið var nokkuð fjölmennt og var ræst út tvöfalt á nokkrum teigum.

Mótið er haldið í samstarfi við einn af aðal samstarfsaðilum Dalbúa, Laugarvatn Fontana.

Keppt var í punktakeppni karla og kvenna þar sem karlar voru með hámarksförgjöf 28 og konur 36.

Veglegir vinningar voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki

í boði Laugarvatn Fontana, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla og kvenna á 3. braut og fyrir að vera næst holu í upphafshöggi á 5/14 og 8/17 holum.

Einnig var dregið úr skorkortum þeirra sem höfðu ekki unnið til verðlauna.

Þökkum öllum sem tóku þátt í mótinu fyrir frábæran dag og óskum öllum vinningshöfum til hamingju.

Sérstakar þakkir til Laugarvatn Fontana. Alltaf jafn glæsilegt hjá ykkur.

Úrslit konur:

1.sæti – Ragnhildur H. Guðbrandsdóttir 32 punktar

2.sæti – Kristín Þórisdóttir 30 punktar

3.sæti – Ása Þorkelsdóttir 29 punktar

Úrslit karlar: (golfbox skar úr um sætaröðina hér í 2-4 sæti)

1.sæti – Snorri Jónas Snorrason 37 punktar

2.sæti – Páll Marcher Egonsson 34 punktar

3.sæti – Ólafur Einar Hrólfsson 34 punktar

Lengsta högg kvenna á 3/12 braut Sigríður Lovísa Sigurðardóttir

Lengsta högg karla á 3/12 braut Jón Gunnarsson

Næst holu á 5/14 braut Ragnar L. Ólafsson

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1830472427564491/>

Veður var með besta móti og kylfingar ánægðir með daginn.



Dancomót – styrktarmótið var haldið laugardaginn 30. Ágúst

Fjölmennasta mót ársins var líkt og oft áður, styrktarmót Danco.

Um að ræða 2 manna Texas scramble punktakeppni. 18 holur.

56 leikmenn voru skráðir og veðurguðirnir voru í hinu besta skapi.

Allur ágóði af mótinu rann til uppbyggingar á vellinum í Miðdal og til að styrkja starfsemi klúbbsins okkar.

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1844196242858776/>

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1828070007804733/>

Ræst var út tvöfalt á brautum 1,3, 5, 7 og 9 og gekk það vel og rennsli gott.

1. sæti. „Dr. Hjúkk“ á 46 punktum

2. sæti. „Snædís“ á 44 punktum

3. sæti. „Sem eitt“ á 43 punktum

Upphafshögg næst holu á 5/14 braut – Jóhann Friðrik Haraldsson

Upphafshögg næst holu á 8/17 braut – Guðmundur Hauksson

Lengsta upphafshögg kvenna á 3/12 braut – Rebekka Gunnarsson

Lengsta upphafshögg karla á 3/12 braut – Guðmundur Hauksson

Í lokin var svo dregið úr skorkortum um veglega vinninga.

Allar konur í mótinu og í skálanum fengu svo sér verðlaun frá DANCO.



Lokamót ársins, Bændaglíman, var haldið 20.september og var í ár ræst út af öllum teigum kl 15:00

Keppt var í 2 manna Texas Scramble og spilaðar 9 holur.
48 félagsmenn skráðu sig til leiks í ár.

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1845808219364245/>

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1845467236065010/>

Bændur voru í ár, Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir varaformaður Dalbúa (rauða liðið) og svo Snæbjörn Stefánsson (vallarnefnd og almennur gleðistjóri klúbbsins)(bláa liðið) Eftir æsispennandi keppni og skemmtilegan dag, þá enduðu leikmenn í rauða liðinu sem sigurvearar dagsins.

Eftir mót sáu Ingvar Ólafsson, Júlíus Pálsson og aðstoðarfólk um lambalæri ásamt öllu meðlæti sem var frábært. Dregið var svo úr öllum skorkortum en við náðum að safna saman fjölmörgum glæsilegum vinningum frá styrktaraðilum. Mjög skemmtilegur lokapunktur á félagsstarfinu okkar í klúbbum.



Bikarkeppni Dalbúa 2025 !

Í sumar var blásið til Bikarkeppni félagsmanna eins og í fyrra og spilað er um glæsilegan farandbikar sem þó er hýstur í skálanum okkar.

Leikfyrirkomulagið var "Fjórleikur – holukeppni" í 2 manna liðum.

Júlíus Pálsson og Magnús Gautur sáu eins og í fyrra, um utanumhald, dómgæslu og framkvæmd á þessari Bikarmótaröð okkar og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir.

12 lið skráðu sig til keppni og dregið var um liðin sem kepptu í hvert sinn.

Hörð keppni var í allt sumar (sjá nánar á síðu Dalbúa á Facebook; www.facebook.com/groups/dalbui/)

Úrslitin í ár voru eftirfarandi :

- 1.sæti – Laugdælingar (Helga Kristín og Bjarni)
- 2.sæti – Jónsson/Flores (Eyjólfur & Anthony)
- 3.sæti – Bjargirnar (Sveinbjörg & Guðbjörg)
- 4.sæti – Dr. Hjúkk (Atli & Jóhanna)



Í sumar héldu Dalbúar í fyrsta skipti Íslandsmót !

Dalbúi var staðarhaldari á Íslandsmóti í 5. Deild og tók sig til og sigraði mótið !

Frábærlega vel gert Júlli og GD-liðið.

Sjá fleiri myndir og nánari umfjöllun á Facebook-síðu klúbbsins

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1828070007804733/>

<https://www.facebook.com/groups/dalbui/permalink/1815903532354714/>

Mótanefnd vill þakka Önnu Svandísi sérstaklega fyrir frábæra vinnu við að sjá um allar auglýsingar móta klúbbsins ötullega í ár eins og áður og Ása, Snæa, Björgu & Ingvari ásamt mörgum fleirum sem lögðu hönd á plóg við mótahaldið í sumar. Takk !

26. nóvember 2025

F.H. Mótanefndar,

Guðbjörg Ingvars Ingólfssdóttir

Formaður